

- TRAS

Kortlagning á málþroska ungra barna.

Byrjað að skrá við 2 ára aldur og svo á 6 mánaða fresti til 6 ára aldurs

- Orðaskil

Málþroskapróf sem kannar orðaforða, beygingakerfi og setningagerð. Foreldrar fylla út listann fyrir 2-3 ára börn

- Gerd Strand

Huglægur matslisti á stöðu 4 ára barna

- Hljóm-2

Prófið kannar hljóðkerfisvitund út frá málþáttunum. Það er lagt fyrir 5 ára börn í nóvember og svo aftur í janúar ef þarf



Málþroski og læsi - Færni til framtíðar

Þróunarverkefni unnið í samstarfi leik- og grunnskóla í

Húnavatnissýslum og Strandabyggð



Markmið verkefnisins er að samræma verkferla og vinnu tengda málörvun ungra barna og er áhersla lögð á snemmtæka íhlutun.

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur er leiðbeinandi og tengiliður verkefnisins

Leikskólarnir sem tóku þátt:

- Ásgarður á Hvammstanga
- Barnaból á Skagaströnd
- Barnabær á Blönduósi
- Lækjarbrekka á Hólmavík
- Vallaból á Húnavöllum

Grunnskólar á svæðinu tóku einnig virkan þátt

Lykillinn að árangri fellst í

- Fleiri skimunum í leikskóla
- Skírur verkferlum
- Snemmtækri íhlutun
- Góðu samstarfi heimilis og skóla, á milli skólastiga og við heilsugæslu



Rannsóknir sýna að með snemmtækri íhlutun er hægt að draga úr námserfiðleikum síðar meir. Brugðist er við um leið og rökstuddur grunur vaknar um málþroskafrávik hjá ungum börnum Best er að skima fyrir frávikum og vinna markvisst með niðurstöðurnar.

Leikskólar eru í lykilhlutverki í þessari vinnu.

Gott samstarf heimilis og skóla og á milli skólastiga er stór og mikilvægur þáttur.

Hvernig er hægt að efla málþroska?

- Hlusta og tala við börnin
- Syngja og kenna þeim rím, vísur og þulur
- Hvetja þau til að segja frá atburðum og sögum
- Lesa fyrir þau bækur
- Ræða og útskýra lesefni
- Spyrja börnin spurninga
- Látta þau giska á framhald sögu
- Nýta hvert tækifæri sem gefst til samskipta

Börn með frávik í máli geta átt erfitt með að:

- Hlusta á aðra og halda athygli
- Tengjast öðru fólki
- Skilja það sem sagt er við þau
- Læra og nota ný orð
- Tengja tvö orð eða fleiri í setningar
- Taka þátt í samræðum
- Halda augnsambandi